

Eyja M. Brynjarsdóttir

Rökgreiningarheimspeki sem gagnrýnistól

Heimspeki sem viðbragð við fasisma og öðrum mannskemmandi öflum

„Í framlínu öreiganna snúast baráttuaðferðirnar og áróðurshagsmunirnir um að hafa vísindin í hávegum og sigrast á frumspækinni.“

Otto Neurath¹

Inngangur

Á fyrri helmingi tuttugustu aldarinnar varð ákveðinn klofningur í vestrænni heim-speki í svokallaða rökgreiningarheimspeki (e. *analytic philosophy*) og meginlands-heimspeki (e. *continental philosophy*). Ég hef það ekki nákvæmara en þetta, því af ýmsum ástæðum getur verið umdeilt og óljóst nákvæmlega hvenær og hvernig klofningurinn átti sér stað. En hefðirnar urðu sem sagt tvær og sú sem kölluð hefur verið rökgreiningarheimspeki hefur verið meira áberandi í enskumælandi löndum og á rætur sínar að rekja til verka Gottlobs Frege (1848–1925), Bertrands Russell (1872–1970), G.E. Moore (1873–1958) og svo síðar Ludwigs Wittgenstein (1889–1951) og rökfræðilegra raunhyggjumanna. Sú hefð sem nú er kölluð rökgreiningarheimspeki hefur ekki haft þá ímynd að hún feli í sér mikla samfélags-gagnrýni, heldur er gjarnan litið á hana sem tæknilega og ópólítiska.²

1 Neurath 1928: 297.

2 Hugtakið ‚samfélagsgagnrýni‘ má líklega skilja á mismunandi vegu og jafnvel svo vítt að stór hluti þess sem heimspékingar fást við hljóti að geta flokkast sem samfélagsgagnrýni, enda fást heimspékingar við að rýna í mannlega hugsun sem óhjávæmlega tengist samfélaginu. Sá skilningur sem lagður er í hugtakið hér er sá að samfélagsgagnrýni sé einhvers konar ádeila eða í það minnsta

Í þessari grein verður tekið undir að þessi ímynd eigi að mörgu leyti við rök að styðjast. Hins vegar verður því haldið fram að það sé ekkert við rökgreiningarheimspeki sem slíka eða aðferðir hennar sem hindrar þá sem hana stunda í að beita henni til samfélagsgagnrýni. Enn fremur verður því haldið fram að aðferðir rökgreiningarheimspeki henti prýðilega sem tæki fyrir samfélagsgagnrýni og þeim röddum þar með andmælt sem stundum hafa haldið því fram að hún sé ekki brúkleg til slíks. Litið verður til heimspekinga frá árdögum rökgreiningarheimspekinnar sem gerðu þetta einmitt með markvissum hætti og rakið hvernig þeir fóru að. Undir lok greinarinnar verður sagt frá vakningu sem orðið hefur á undanförunum árum meðal margra rökgreiningarheimspekinga og bendir til þess að þeir séu að nota aðferðir hefðarinnar í auknum mæli til samfélagsgagnrýni. Þannig verður sú skoðun rökstudd að notkun rökgreiningarheimspeki með pólitískum hætti eigi sér sögulegar rætur í hefðinni auk þess sem slík notkun hafi farið vaxandi á undanförunum árum, jafnvel þótt ákveðin ládeyða hafi verið í þessum efnunum um skeið.

Rökgreiningarhefðin og pólitísk gagnrýni

Samkvæmt rökgreiningarhefðinni hafa skilgreiningar á heimspeki og heimspeki-
legum aðferðum og viðfangsefnum oft verið þröngar. Þegar ég hóf framhaldsnám í heimspeki fyrir rúmum tveimur áratugum við bandarískan háskóla þar sem þessi hefð réði ríkjum varð ég vör við ákveðinn virðingarstiga sem hinar mismunandi undirgreinar heimspekinnar röðuðust í. Efstu greinarnar í stiganum voru þær sem fengust við það sem var óhlutbundið og/eða beittu mjög tæknilegum aðferðum, greinar á borð við rökfræði, heimspeki stærðfræðinnar og tæknilega útfærða mál-speki, auk þekkingarfræði og frumspeki. Neðar lentu siðfræði, stjórnmálaheimspeki, öll heimspekisaga og reglan var svo sú að greinar lentu neðar eftir því sem þær voru samfélagsmiðaðri og hagnýtari. Þessari hugsun fylgdu hugmyndir um viðeigandi viðfangsefni og aðferðir í heimspeki sem segja má að hafi speglað þennan virðingarstiga, þ.e.a.s. að það ætti helst aðeins að fást við það sem væri óhlutbundið og almennt og leitast við að setja fram almenn lög mál eða kenningar sem sýndu fram á mótsagnir í máli annarra. Ef farið væri út fyrir þennan ramma væri ekki lengur verið að fást við heimspeki. Sjálfsagt er að geta þess að hugsunarhátturinn sem ég kynntist þarna var engin útkjálkasérviska heldur var þarna um að ræða viðtekin viðhorf meðal margra rökgreiningarheimspekinga á þessum tíma.

Þetta voru ekki endilega skoðanir sem allir tóku undir, en viðhorfin voru nægilega útbreidd til að hafa veruleg áhrif á það hvað þætti „fint“ að fást við og hvað

skörp umfjöllun um málefni liðandi stundar. Framsetning á óhlutbundinni kenningu, eins og siðfræðikenningu, getur í sjálfu sér fallið undir samfélagsgagnrýni ef beint liggur við að tengja kenninguna við atburði eða aðstæður fólks sem brýnt gæti talist að fjalla um. Umfjöllun um löngu liðinn atburð getur falið í sér samfélagsgagnrýni ef hún felur í sér skírskotun til einhvers sem á sér stað í nútímanum, til dæmis þegar reynt er að þagga niður umfjöllun um eitthvað mikilvægt sem varðar líf og hagsmuni fólks. Í sumum öðrum tilfellum felur framsetning á óhlutbundnum kenningum eða umfjöllun um liðna atburði ekki í sér samfélagsgagnrýni í þessum skilningi.

ekki, hvaða áherslur væru vænlegar til árangurs við að ná frama í heimspekinni og annað slíkt. Það heyrðist til dæmis iðulega að femínísk heimspeki væri ekki réttnefnd heimspeki heldur bara hluti af pólitískri áróðurshreyfingu sem fengist við eitthvað allt annað en heimspeki.³ Nemendum sem höfðu áhuga á femínískri heimspeki var iðulega ráðlagt að skrifa doktorsritgerð um eitthvað annað sem væri frekar tekið alvarlega og bíða með að „leika sér“ þangað til komið væri í örugga stöðu. Ef ferilsskrár femínískra heimspekinga eru skoðaðar má sjá að sú leið hefur oft verið farin. Í öðrum tilfellum hafa femínískir heimspekingar flúið yfir í nærliggjandi fræðigreinar sem hafa verið opnari fyrir verkum þeirra. Femínísk heimspeki er ekki eina dæmið en nokkuð augljóst sem slíkt. Samfélagsgagnrýni hefur áratugum saman verið litin hálfgerðu hornauga innan rökgreiningarheimspeki. Ástæðan hefur ekki endilega verið sú að rökgreiningarheimspekingar væru mótfallnir því að samfélagsgagnrýni væri stunduð, heldur hefur hugarfarið fremur verið á þá leið að hana skyldi helst flokka sem eitthvað annað en heimspeki. Vissulega má finna á þessu margar undantekningar og tína má til ýmis dæmi um samfélagsgagnrýni rökgreiningarheimspekinga frá hvaða tíma sem er en málið snýst um þau viðhorf sem hafa verið algeng og mest einkennandi fyrir hefðina. Og eins og margir vita kannski hefur samfélagsgagnrýni ekki verið það sem rökgreiningarheimspeki hefur verið þekktust fyrir síðustu hálfa öldina eða svo, og jafnvel lengur.

Hér er mál að staldra við og spyrja hvort það sé eitthvað við rökgreiningarheimspeki sem slíka sem geri það að verkum að hún henti illa til samfélagsgagnrýni. Það á vissulega við um sumar vísindagreinar að viðfangsefni þeirra og aðferðir eru þannig að þær bjóða ekki beinlínis upp á slíkt, alla vega virðist heldur langsótt að gera ráð fyrir að samfélagsgagnrýni sé mikið stunduð í stjarnæðlisfræði eða veirufræði. Er rökgreiningarheimspeki ef til vill svipuð slíkum greinum? Ég tel að svo sé ekki, að minnsta kosti ekki hvað viðfangsefni varðar. Það sem einkennir heimspeki er að hún getur fengist við hvaðeina sem heimspekingnum þykir áhugavert. Oft hefur það verið eitthvað sem einkennir mannlega hugsun, skynjun eða mannlegt líf að öðru leyti, en ýmsar aðrar spurningar um veröldina, bæði smáa afkima hennar og víðar lendur, hafa verið viðfangsefni heimspekinga.

En er þá eitthvað við aðferðir í rökgreiningarheimspeki sem hindrar rökgreiningarheimspekinga í að stunda samfélagsgagnrýni? Hér vil ég minna á að ekki er rétt að taka heitið „rökgreiningarheimspeki“ of bókstaflega. Um er að ræða ákveðna hefð sem kennd er við hugmyndir um mikilvægi aðferðar sem kölluð hefur verið rökgreining. Það þýðir alls ekki að þeir sem vinni innan hefðarinnar geri ekkert annað en að stunda rökgreiningu eða hugtakagreiningu. Í þessari hefð er gjarnan lögð áhersla á rökfestu og vissulega er reynt að greina hugtök en oft eru hlutir bornir saman, skoðaðir í sögulegu ljósi og áhersla lögð á yfirsýn og sameiningu. Ef eitthvað er þá hlýtur þetta allt að koma að gagni við samfélagsgagnrýni.

3 Þetta viðhorf virðist vera á undanhaldi. Ég rakst á ungan nýútskrifaðan heimspekidoktor úr vel þokkadri heimspekiideild vestanhafs í fyrra sem hélt þessu fram og varð afskaplega hissa. Þá áttaði ég mig á því að það var orðið mjög langt síðan ég hafði heyrt einhvern segja þetta, en fyrir um tuttugu árum var þetta algeng skoðun, sérstaklega meðal karlkyns heimspekinga.

Það ætla ég líka að sýna fram á með tvennum hætti. Annars vegar ætla ég að taka dæmi af rökgreiningarheimspekingum frá fyrstu áratugum hefðarinnar sem notuðu þessar aðferðir við samfélagsgagnrýni. Hins vegar mun ég fjalla um hvernig það hefur færst í vöxt á síðustu árum að rökgreiningarheimspekingar stundi samfélagsgagnrýni með aðferðum hefðarinnar. Ég mun hins vegar lítið fara út í það hvers vegna það „datt úr tísku“ í öll þessi ár að nota rökgreiningarheimspeki til að stunda samfélagsgagnrýni. Það er í sjálfu sér fyllilega verðug spurning en því miður gefst ekki rúm til að svara henni hér.

Russell og róttæknin

Oft er talað um Bertrand Russell (1872–1970) sem einn af sjálfum feðrum rökgreiningarheimspekinnar. Russell átti afar langan feril í heimspeki sem segja má að hafi náð yfir mörg tímabil, allt frá því fyrir aldamótin 1900 þar til hann lést árið 1970. Russell hefur verið þekktastur fyrir að leggja stund á heimspeki stærðfræðinnar, rökfræði, málspeki, þekkingarfræði og frumspeki og hefð hefur skapast fyrir því að skoða sögu rökgreiningarheimspeki svo til eingöngu út frá því sem átti sér stað á þessum sviðum. Hann var afar afkastamikill á löngum ferli og eftir hann liggur stórt safn verka um alls konar heimspekileg efni en þau sem hafa hlotið langmesta athygli síðustu hálfu öldina eru þau sem eru á fyrrgreindum sviðum og snúast t.d. um grundvöll stærðfræðinnar, lýsingakenningu hans (e. *theory of descriptions*), röklega eindahyggju (e. *logical atomism*), skynreyndir (e. *sense data*) eða muninn á viðkyrningarþekkingu (e. *knowledge by acquaintance*) og lýsingarþekkingu (e. *knowledge by description*).⁴

Russell var jafnframt ötull baráttumaður fyrir félagslegu réttlæti og sjálfum sér samkvæmur sem slíkur. Hann sat tvisvar í fangelsi vegna friðarbaráttu; í fyrra skiptið í fyrri heimsstyrjöldinni og í það seinna 89 ára gamall í Víetnamstríðinu. Hann missti stöðu sína við Oxford-háskóla árið 1915 vegna andstöðu við þátttöku Breta í stríðinu en var þó boðin staðan aftur eftir að stríðinu lauk. Auk þess að taka virkan þátt í samfélagsbaráttu skrifaði Russell fjölmargar bækur og greinar sem fela í sér mikla samfélagsádeilu og þar beitir hann aðferðum sem hann leggur áherslu á í heimspeki sinni og koma glögg fram í hugmyndum hans um beitingu heimspekilegrar hugsunar. Einnig birtast þar skýrt hugmyndir Russells um stöðu mannsins í heiminum, um tilgang þess sem maðurinn tekst á við í lífinu og afstaða hans til ýmissa mála sem varða réttlæti og skiptingu auðs, svo eitthvað sé nefnt. Það er því alls ekki rétt að líta á skrif hans um siðferði og stjórnmal sem einhvers konar hliðarbúgrein við hina „raunverulegu“ heimspeki hans. Heimspekileg hugsun Russells kemur ekkert síður fram þarna en í öðrum skrifum hans.

Russell er umhugað um að berjast gegn kredduhugsun og fordómum og hann skrifar til dæmis um menntun sem eitthvað sem eigi að þroska dómgreind nem-

4 Meðal þekkra verka um þessi efni má nefna Russell 1903; 1905; 1911; 1914a; 1914b; 1924 og 1949 en raunar er af nógu öðru að taka.

endanna svo þeir geti tekist á við umdeildar spurningar. Nemendur þurfi að til- einka sér ýmsa hæfni fremur en að láta mata sig, þeir þurfi að geta myndað sér eigin skoðun, áttað sig á því þegar reynt er að leiða þá á villigötur, geta rýnt í eigin skoðanir, komist að óhlutdrægri lausn, komið auga á forsendur sem gengið er út frá og forðast trúgirnir. Þessar lýsingar ríma ágætlega við lýsingar á því sem við höfum síðar tekið að kalla gagnrýna hugsun. Vert er að leggja áherslu á að sú sýn sem Russell hafði á þessa gagnrýnu hugsun fól alltaf í sér nauðsyn þess að geta litið ríkjandi samfélagsform gagnrýnum augum.

Ágætt dæmi um samfélagsgagnrýni Russells er greinasafn hans *Iðjuleysid lofað* (e. *In praise of idleness*), sem kom út 1935. Í greininni sem ritið dregur nafn sitt af færir hann rök fyrir því að rétt væri að stytta vinnudaginn niður í fjórar stundir og gagnrýnir harðlega hvernig hinum vinnandi stéttum sé haldið niðri með allt of mikilli vinnu og hvernig við höfum látið telja okkur trú um að vinnusemi sé dygd. Russell vinnur þar með hugmyndir sem hann hafði sett fram áður, en hann talar þar meðal annars um að óþarflega mikið sé unnið í heiminum og að mikilvægt sé að allir hafi nægan frítíma. Frítími sé nauðsynlegur til að menningarlíf nái að blómstra. Þetta kemur fram í mörgum verkum hans, ekki síst frá þriðja og fjórða áratugnum. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að gera hluti sér til ánægju fremur en fyrir peninga eða vegna nytsemisgildis þeirra. Þannig talar hann um að fólk hafi misst sjónar á því að þekking hafi gildi í sjálfri sér og sé of upptekið af hagrænu gildi menntunar og þekkingar.⁵ Þetta sé merki um að kunna aðeins að meta efnisleg gæði en hið raunverulega gildi menntunar felist í henni sjálfri, hún verðlauni sig sjálf.⁶

Í annarri grein, „Modern Homogeneity“, fer Russell hörðum orðum um þá einsleitni skoðana sem hann varð var við í heimsókn sinni til Bandaríkjanna árið 1930 og hann taldi hættulega, enda væru fylgifiskar hennar fordómar gagnvart minnihlutahópum og þjóðernishyggja. Russell beinir spjótum sínum að þjóðernishyggju í nokkrum greinum í greinasafninu og segir hana helstu orsök þess sem hann kallar „dýrkun óskynseminnar“ (e. *the cult of unreason*). Hann lýsir fasisma og kommúnisma sem hættulegum kreddum í greininni „Scylla and Charybdis“, og segir fasismann þá hættulegri af þeim tveimur, enda séu þar bæði aðferðirnar og markmiðin ómannúðleg. Um rætur fasisma fjallar hann svo sérstaklega í annarri grein. Russell segist hins vegar sammála meginmarkmiði kommúnisma, stéttlausu samfélagi, en hann geti ekki fellt sig við að eiga að ná markmiðinu fram með byltingu og kjósi heldur friðsamlegar og lýðræðislegar aðferðir. Hann setur þannig fram rök fyrir lýðræðislegum sósíalisma í greininni „The Case for Socialism“. Russell mælir líka fyrir auknu frelsi kvenna sem hann segir t.d. vera þjakaðar af of miklu álagi vegna heimilisverka. Í greininni „Architecture and the Social Order“ mælir hann fyrir breyttu búsetufyrirkomulagi þar sem samrekstur heimila geti gefið konum auknið frelsi frá heimilisstörfum.

Í formála greinasafnsins útskýrir Russell hugmyndina sem liggur að baki því að raða þessum greinum saman. Þarna má sjá sýn hans á samfélagsgagnrýni:

5 Russell 1930: 225.

6 Russell 1926.

Hin almenna kenning sem tengir ritgerðirnar saman er sú að heimurinn sé þjakaður af þröngsýni og ofstæki, sem og af þeirri ranghugmynd að þróttmikil athöfn sé alltaf aðdáunarverð, jafnvel þegar hún leiðir okkur á ranga braut. Það sem í rauninni þarf í hinu mjög svo flókna samfélagi nútímans er yfirveguð íhugun, ásamt vilja til að véfengja kreddur, og nægilegt frelsi hugans til að gefa sanngjarna mynd af hinum fjölbreyttu stuð sjónarhornum.⁷

Russell var mjög gagnrýninn á þá tæknihyggju sem hann taldi fylgifisk iðnvæðingar. Um hana fjallaði hann í bókinni *The Prospects of an Industrial Civilization* sem hann skrifaði ásamt þáverandi konu sinni, Doru Russell.⁸ Þau segja það sem þau kalla iðnhbyggju (e. *industrialism*) vera vandamál í nútímasamfélagi. Iðnhbyggjan felist í að meta hluti vegna notagildis fremur en vegna innra gildis þeirra, þetta geri mennina nytjasinnaða og dragi úr listrænni hugsun og draumum um betri heim. Öll áhersla sé lögð á vinnu og uppfyllingu líkamlegra þarfa en annað sitji á hakanum. Þau minnst líka á mikilvægi frítíma sem hægt sé að nota til að leggja stund á listir eða aðra næringu andans.

Af þessari stuttu yfirferð um feril Russells ætti að vera ljóst að hann hafði afgerandi hugmyndir um samfélagið sem hann setti fram í heimspekilegum skrifum sínum. Hann notaði til þess aðferðir sem hafa allar götur síðan verið viðteknar í rökgreiningarheimspeki, svo sem að skrifa skýran texta þar sem gagnrýni er sett fram á tiltekin atriði með kerfisbundnum hætti, að nota beinskeyttan stíl sem er blátt áfram og fleira í þeim anda. Þannig hlýtur að mega teljast ljóst að Russell hafi beitt aðferðum rökgreiningarheimspeki til að stunda samfélagsgagnrýni. Jafnframt má vera ljóst að hann leit sjálfur svo á að hann væri að stunda heimspeki þegar hann var að skrifa um samfélagsmál og að það væri mikilvægt.

Framlög Russells til siðfræði og stjórn málaheimspeki eru þó ekki nákvæmlega sömu gerðar og framlög hans til annarra greina, hann beitir vissulega svolítið mismunandi stíl og aðferðum eftir mismunandi viðfangsefnum. Hann notar til dæmis ekki málspeki, þekkingarfræði eða frumspeki sem grunn fyrir pólitíska gagnrýni eða athugasemdir um siðferðileg málefni. Þetta síðasta er nokkuð sem hefur færst í vöxt á allra síðustu árum hjá rökgreiningarheimspekingum og kem ég að því aftur síðar. En Russell leit óneitanlega á skrif sín um siðferði og samfélag sem siðfræði og stjórn málaheimspeki en ekkert annað. Þó að hann hafi þar notast við aðferðir sem eru fyllilega gildar í rökgreiningarheimspeki og litíð á þessi skrif sem góða og gilda heimspeki þá varð síðar til, eins og ég hef nefnt, þessi virðingarstigi sem gerði það að verkum að þau voru talin síður áhugaverð.

7 Russell 1935: xxxv–xxxvi.

8 Russell 1923.

Rökfræðileg raunhyggja

Svokölluð rökfræðileg raunhyggja sem einnig er þekkt undir heitinu rökfræðilegur pósitoivismi (e. *logical empiricism* eða *logical positivism*) eða einfaldlega pósitoivismi hafði mjög mótaði áhrif á þróun rökgreiningarheimspeki. Um er að ræða hreyfingu sem myndaðist í Vínarborg á þriðja áratug síðustu aldar og átti svo eftir að hafa umtalsverð áhrif í Bretlandi og Bandaríkjunum, einkum á þróun vísindaheimspeki, rökfræði, málspeki og þekkingarfræði. Pósitoívistar eru þekktastir fyrir að leggja mikla áherslu á vísindalega og röklega hugsun og að hafna allri frumspéki og á seinni tímum hefur lítið farið fyrir því að þeir væru sérstaklega orðaðir við samfélagsmál. Ef eitthvað er þá hefur tilhneigingin verið sú að líta á þá sem fulltrúa þeirra sem vilja bola allri gildishlaðinni umræðu út úr heimspekinni. Hreyfingin hefur þannig hlotið þá ímynd í hugum margra í seinni tíð að hafa jafnvel verið andpólítísk en þegar saga hennar er skoðuð, má sjá að beinlínis var lagt upp með ákveðnar hugsjónir varðandi áhrif á samfélagið og að sumir pósitoívistanna voru þess utan mjög róttækir og höfðu það markmið að nota heimspeki sína til að þoka þar að lútandi stefnumálum áfram.

Eins og nefnt hefur verið varð rökfræðilegur pósitoivismi til í Vín á árunum milli stríða. Á þessum tíma var talsvert um að menntamenn kæmu saman á heimilum hver annars og mynduðu klasa, svokallaða *bringi*, eftir áhugasviðum og hugðarfennum.⁹ Sá hringur sem átti eftir að verða þekktastur var sá sem hittist á heimili heimspekíprófessorsins Moritz Schlick og hefur verið kallaður Vínarhringurinn (þ. *Wiener Kreis*) og er einmitt sá hópur sem verður rætt um hér. Meðal meðlima hópsins má nefna, auk Schlicks, Rudolf Carnap, hjónin Otto Neurath og Olgu Hahn-Neurath, bróður Olgu, Hans Hahn, Herbert Feigl, Karl Menger og Kurt Gödel. Á sama tíma varð til nátengdur hringur í Berlín og í honum voru meðal annarra Hans Reichenbach, Carl Hempel, Richard von Mises og David Hilbert.

Árið 1929 sendu félagar Vínarhringsins frá sér stefnuskrá sem lýsir því sem líta má á sem helstu kennisetningar hringsins. Stefnuskráin var samin af Otto Neurath og yfirfarin og lagfærð af Rudolf Carnap og Hans Hahn og allir þeir skrifuðu undir og tileinkuðu hana Moritz Schlick. Hún bar heitið „Wissenschaftliche Weltauffassung: Der Wiener Kreis“, eða „Hin vísindalega heimsmýnd: Vínarhringurinn“. Í stefnuskránni má greina fjóra meginþætti: 1) Að vísindi og vísindaleg þekking hafi sérstakt gildi, 2) að mikilvægt sé að setja hlutina fram á skýru máli og með skýrum rökum, 3) áherslu á sannreynslu og röksannindi til að styðja sanna þekkingu, 4) andstöðu við frumspéki.¹⁰ Á þessum tíma var hið pólitíska andrúmsloft í Vín þannig að fylkingar höfðu skipast í lífsskoðunum ýmist með eða á móti vísindalegri heimsmýnd og það eitt að lýsa yfir stuðningi við vísindalega heimsmýnd fól það í sér að taka sér ákveðna stöðu í hinu pólitíska litrófi. Frá 1918 til 1934 réðu sósíaldemókratar ríkjum í Vínarborg og borgin var uppnefnd hin rauða Vín (þ. *Rotes Wien*). Meðal þeirra gilda sem haldið var á lofti á þeirra vegum voru framgangur náttúruvísinda og alþýðufræðsla (þ. *Volksbildung*), en þar

9 Dekker 2014.

10 Romizi 2012: 213–216.

var meðal annars lögð mikil áhersla á fullorðinsfræðslu sem átti að efla almenning til þátttöku í menningarlífi og stjórnmálum. Þetta voru gildi sem Vínarhringsmenn aðhylltust einnig og lýstu stuðningi við með stefnuskrá sinni, sem og í öðrum skrifum. En þó að Vínarborg væri undir stjórn sósíaldemókrata var landinu stjórnað af kristilegum sósíalistum sem voru andsnúnir hinni miklu tryggð við vísindi í menntakerfinu, og nutu þeir í því stuðnings Páfagarðs. Þriðji aðili að þeirri hugmyndafræðilegu og pólitísku togstreitu sem þarna átti sér stað voru svo þjóðernissinnar, sem óx fiskur um hrygg í erfiðu efnahagsástandi.¹¹

Með áherslu á gildi vísinda, skynsemi, skýrleika og rökhugsunar og andstöðu við frumspeki tóku pósitívistar afstöðu gegn þeim hugmyndum sem haldið var á lofti af íhaldsöflum. Meðal íhaldshugmyndanna má nefna frumspekilegar réttlætningar á þjóðernishyggju með vísunum í *Volksgeist* og *Ganzheit*, kreddukenndar hugmyndir um eðli kvenna, eðli gyðinga og höfnun á vísindum með upphafningu trúarbragða.¹² Hin helstu kennileiti rökfræðilegs pósitívisma urðu því ekki til í tómarúmi heldur voru þeim að baki greinilegir pólitískir hvatar: andstaða við þjóðernishyggju og andskynsemishyggju og hugsjónir um betra samfélag þar sem fólk yrði betur upplýst. Þjóðernishyggjan og aðrar kredduhugmyndir íhaldsaflanna voru réttlættaðar með vísunum í hástemmdar frumspekilegar ímyndir. Því var það freistandi andsvar að slá frumspekina út af borðinu eins og hún lagði sig og afgreiða þannig í einu lagi alla mögulega réttlætningu íhaldsaflanna, eins og verður útskýrt betur síðar. En ljóst má vera að hugmyndafræði sem hampaði vísindalegri hugsun, rökhugsun og skynsemi og sem hafnaði allri frumspeki varð tæpast túlkun sem pólitískt hlutlaus á millistriðsárunum í Vín heldur hlaut hún að vera álitin í andstöðu við kenningar íhaldsmanna.¹³

Margir meðlima Vínarhringsins voru nátengdir hreyfingu fríþenkjara, en það var raunar að undirlagi fríþenkjara sem hið svokallaða Ernst Mach-félag var stofnað, sem gaf út stefnuskrá Vínarhringsins. Stefnumál fríþenkjara voru mörg hver pólitísk og skörun þeirra við stefnumál Vínarhringsmanna greinileg: aðskilnaður ríkis og kirkju, að halda trúarbrögðum utan menntakerfisins, réttindi kvenna, réttindi óskilgetinna barna og ókeypis menntun til 14 ára aldurs, svo eitthvað sé nefnt.¹⁴ Vínarhringsmenn og hugmyndir þeirra tengdust einnig náið hugmyndum móðernista í arkitektúr, ekki síst stefnu hinnar þýsku Bauhaus-hreyfingar. Meðal annars var Carnap fenginn til að halda fyrirlestur í Dessau Bauhaus í Þýskalandi árið 1929 og ýmiss konar samvinna var á milli þessara hópa. Sameiginleg með hugmyndafræði beggja er áhersla á einfaldleika, andúð á öllu óþarfa flúri og höfnun á heildarhyggju, þ.e. eindahyggja eða smættarhyggja.¹⁵ Hugmyndin

11 Romizi 2012: 227–228; Uebel 2005: 755.

12 Romizi 2012: 227–228.

13 Howard 2003: 31.

14 Romizi 2012: 231–232.

15 Heildarhyggja (e. *holism*) er sú hugmynd eða skoðun að heild sé eitthvað annað og meira en safn hlutanna sem hún er samsett af, þ.e. að hún hafi eiginleika sem eru eðlisólíkir eiginleikum hlutanna sem hún samanstendur af. Smættarhyggja (e. *reductionism*) er aftur á móti sú skoðun að heildina megi smætta niður í hluta sína og eindahyggja (e. *atomism*) er sú skoðun að allt sé samsett úr eindum. Þetta eru auðvitað heldur hraðsoðnar lýsingar á þessum hugmyndum. En eins og kemur fram síðar í greininni þá gegndi frumspekileg heildarhyggja stóru hlutverki í hugmynda-

er þá að byggja heildir upp af smærri einingum og að heild hafi ekkert til að bera umfram það að vera safn þeirra eininga sem hún er sett saman úr. Einnig er að finna hjá báðum hreyfingunum hugsjónir um lífsstíl og skipulag samfélagsins og afgerandi andstöðu við þjóðernishyggju.¹⁶ Sá einfaldi og praktíski stíll sem var til staðar í arkitektúr Bauhaus-manna rímaði vel við þá þjóðfélagsskipan sem pósitívistar sáu fyrir sér. Um báðar hreyfingarnar gildi svo að þær voru illa séðar af nasistum; Bauhauhreyfingin var raunar leyst upp af þeim um 1933. Stór hluti Vínarhringsmanna flúði frá Austurríki eftir innlimun nasista, enda voru sumir þeirra gyðingar og aðrir þekktir fyrir skoðanir sem voru illa þokkaðar hjá nasistum. Vínarhringsmenn voru upp til hópa yfirlýstir andstæðingar þjóðernishyggju og, eins og mun koma betur fram hér síðar, fólu stefnuyfirlýsingar Vínarhringsins beinlínis í sér hugmyndir um að breyta samfélaginu í þveröfuga átt við það sem nasistar stefndu að. Af þessum sökum áttu margir Vínarhringsmenn síðar feril í Bretlandi eða Bandaríkjunum.

Svo skoðað sé betur hvernig einda- og smættarhyggja höfðu pólitíska skírskotun í hugmyndafræði rökfræðilegra pósitívista er nauðsynlegt að rýna betur í hið pólitíska landslag þessa tíma. Eins og bent hefur verið á var uppgangur þjóðernishyggju mikill á þessum tíma og andstaða pósitívista við hana skýr. Sú þjóðernishyggja sem um var að ræða byggði á hugmyndum um það sem kallað var *Volk* (þjóð) og *Volkgeist* (þjóðareðli eða þjóðarandi). Þjóðin skyldi vera í fyrirrúmi og hún sem heild var annað og meira en safn einstaklinganna sem tilheyrdi henni; þjóðernishyggjan grundvallaðist sem sagt á heildarhyggju um þjóðina. Höfnun pósitívista á allri heildarhyggju átti sér því pólitískan hvata, sem varð æ sterkari eftir því sem völd nasista urðu meiri. Af svipuðum ástæðum höfnuðu þeir öllum frumspekilegum hugmyndum um eðli og veruleika handan reynslunnar, en heildarhyggja krefst þess að einhver slíkur veruleiki sé til staðar. Hún gerir ráð fyrir einhvers konar þjóðareðli, einhverju sérstöku handan reynslu, sem geri þjóðina sem heild að öðru og meira en einstaklingunum sem tilheyra henni. Snemma á fjórða áratugnum var hugmyndafræði nasista orðin sterk í samtökum heimspekinga í Þýskalandi, með sérstakri blessun Hitlers, og á heimsþingi heimpekinga í Prag haustið 1934 hélt þýski þjóðernissinninn Hans Driesch inngangsfyrirlestur um lífhyggju og mikilvægi frumspekinnar. Þýski pósitívistinn Hans Reichenbach andmælti með þeim orðum að þessar hugmyndir væru mystískar og Carnap sagði að hugmyndirnar gengju alveg á svig við þau lögmal sem þyrfti til að þær gætu talist vísindalegar. Næsta dag hélt Schlick fyrirlestur þar sem hann mælti gegn hugmyndinni um heildir (þ. *Ganzheitbegriff*). Hann hafnaði þar allri heildarhyggju og sagði að heild gæti ekki verið neitt umfram það að vera safn hluta sinna. Þetta var ekki hægt að skilja öðruvísi en sem hreina og klára ögrun við grundvallarforsendur þjóðernishyggju.¹⁷

fræði þjóðernissinna á uppgangstímum nasismans, sem kann að skýra andúð bæði pósitívista og Bauhaus-manna á heildarhyggju. Nú á dögum kann þessi andúð að þykja ankannaleg, enda virðast þessi hugmyndafræðilegu tengsl ef til vill úrelt.

16 Galiston 1990: 735–736.

17 Galiston 1990: 743–744.

Rudolf Carnap lýsir hugmyndafræði Vínarhringsins á eftirfarandi hátt í sjálfsævisögu sinni:

Við öll í Vínarhringnum sýndum mikinn áhuga á þeirri atburðarás sem átti sér stað í stjórnmálum í landi okkar, í Evrópu og í heiminum. Þessi vandamál voru rædd sérstaklega en ekki á fundum Hringsins sem helgaðir voru fræðilegum spurningum. Ég held að við höfum nær öll deilt eftirfarandi þremur skoðunum sem tæpast þurfti að ræða. Sú fyrsta er að maðurinn hafi enga yfirnáttúrulega verndara eða óvini og að þess vegna sé hvaðeina sem gert er til að bæta lífið verkefni mannsins sjálf. Í öðru lagi höfðum við þá sannfæringu að mannkyn sé fært um að breyta lífs-skilyrðum sínum þannig að sneiða megi hjá mörgum þjáningum nútímans og að ytri og innri lífsskilyrði einstaklings, samfélags og að lokum mannkyns alls megi í grundvallaratriðum bæta. Þriðja skoðunin er að allar meðvitaðar athafnir krefjist þekkingar á heiminum, að hin vísindalega aðferð sé besta leiðin til að öðlast þekkingu og að þess vegna þurfi að líta á vísindi sem eitt verðmætasta verkfærið til að bæta lífið. Í Vín höfðum við engin nöfn yfir þessar skoðanir en ef við leitum í amerískan iðorðaförða eftir hugtaki yfir þessa blöndu virðist það besta vera „vísindalegur húanismi“.¹⁸

Annað einkenni á Vínarhringnum er að hann greindist í tvennt eftir pólitískum línunum. Allir meðlimir hans voru vissulega samstíga um ákveðnar hugmyndir varðandi samfélagið, svo sem um sameiningu vísinda, alþýðufræðslu, andstöðu við þjóðernishyggju og fasisma og fleira á þeim nótum. Hins vegar voru sumir pósitívistanna virkir sósíalistar meðan aðrir voru það ekki, ýmist vegna þess að pólitískar skoðanir þeirra lágu nær hinni pólitísku miðju eða vegna þess að þeir voru ekki virkir í slíkri baráttu jafnvel þótt þeir kunni að hafa haft svipaðar skoðanir. Þeir pósitívistar sem virkastir voru í þessum efnum hafa verið kallaðir Vinstri Vínarhringurinn og er þar helst átt við Otto Neurath, eiginkonu hans Olgu Hahn-Neurath, bróður hennar Hans Hahn, Rudolf Carnap og Phillip Frank. Stefnuskrá Vínarhringsins var, eins og fram hefur komið, samin af félögum af þessum vinstri væng; Neurath, Carnap og Hahn, og hún ber þess glögg merki. Hér og hvar má finna í henni setningar sem gefa til kynna stuðning við sósíalísk gildi og að höfundarnir hafi haft í huga tengingar pósitívisma við slíkar hugmyndir, til að mynda:

[...] viðleitni til nýrrar skipunar efnahagslegra og félagslegra tengsla, einingar mannkyns, umbýltingar skóla og menntunar, sýnir innra samhengi við hina vísindalegu heimsm mynd. Svo virðist sem þessi viðleitni sé velkomin og litin jákvæðum augum af meðlimum Hringsins, og sumir eru raunar virkir í að stuðla að henni.¹⁹

18 Carnap 1963: 82–83.

19 Carnap, Hahn og Neurath 1973/1929: 304–305.

Innskot á borð við þetta voru litin hornauga af sumum meðlimum Vínahringsins, eins og Schlick, en voru þó látin óáreitt. Meðlimir vinstri vængsins voru virkir í pólitískri baráttu og samkvæmt þeirra hugmyndafræði var hin vísindalega heimsmynd og rökleg hugsun hluti af því sem þurfti til að koma á sósiálískri samfélagskipan.²⁰ Sérstaklega Neurath og Frank áttu svo eftir að halda áfram að vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði. Hahn lést árið 1934 þannig að ekki reyndi á framhaldið á hans störfum en Carnap fjallaði lítið um pólitísk efni í skrifum sínum, eða svo var ekki að sjá, heldur hélt hann sig við hugmyndir og kenningar í málspeki, rökfræði og vísindaheimspeki sem fáum datt í hug að tengja við nokkuð slíkt. Þó er ljóst að hann sagði aldrei skilið við sínar gömlu róttæku stjórnmalaskoðanir og lagði málstaðnum lið eftir megni.²¹ Í eldri verkum Carnaps, og ekki síst því verki sem litið hefur verið til sem stefnumarkandi fyrir rökfræðilega raunhyggju, *Rökfræðileg bygging heimsins* (þ. *Der logische Aufbau der Welt*) frá 1928, má hins vegar greina að hann leit svo á að heimspekileg aðferð og lífsskoðanir væru nátengdar. Þar segir í formálanum:

Við finnum fyrir innri skyldleika milli afstöðunnar sem heimspekileg verk okkar byggjast á og þeirrar hugmyndafræðilegu afstöðu sem er að finna hvarvetna í lífinu, svo sem í listahreyfingum, einkum í arkitektúr, og í þeim hreyfingum sem vinna að því að auka merkingu mannlegs lífs gegnum persónulegt líf og samfélag, menntun og ytri félagsskap almennt.²²

Schlick og Reichenbach héldu því báðir fram á miðjum fjórða áratugnum að félagsskapurinn væri ópólitískur. Reichenbach hafði þó sjálfur verið virkur í starfi sósiálista þegar hann var yngri en þegar þarna var komið sögu virtist honum mikið í mun að halda því fram að tímaritið *Erkenntnis*, sem hann ritstýrði fyrir hönd hreyfingarinnar, væri ekki pólitískt og að hlutleysis væri gætt við val á höfundum. Velta má því fyrir sér hvort þetta hafi verið hagsmunamál og Reichenbach þótt öruggast að rugga ekki bátnum, enda var tilefnið árás höfundar sem var að reyna að koma sér í mjúkinn hjá nasistum og hafði sakað útgefendur *Erkenntnis* um að vera marxistaklíka.²³

Í endurminningum sínum segir Carnap um stjórnmalahugmyndir sínar að hann hafi verið sannfærður sósiálisti að minnsta kosti síðan á dögum Vínahringsins og aldrei látið af þeirri skoðun sinni. Hann segir einnig:

Það var og er enn sannfæring mín að hin miklu vandamál við skipan hagkerfisins og heimsins nú á dögum, á tímum iðnvæðingar, sé ómögulegt að leysa með „frjálsu samspili afla“, heldur krefjist þau röklegra áætlaana. Hvað hagkerfið varðar merkir þetta einhvers konar sósiálisma; hvað

20 Uebel 2005: 756–758.

21 Carnap 1963: 82.

22 Carnap 1967/1928: xviii.

23 Howard 2003: 32–34.

skipan heimsins varðar merkir það þróun í átt að sameiginlegu stjórnerfi.²⁴

Eins og fram hefur komið í lýsingu Carnaps var heimspeki hans ekki endilega þannig að fram kæmi með beinum hætti að hann stæði í félagslegri baráttu með henni. Hins vegar virðist ljóst að hann leit svo á að heimspekiidkun ætti í það minnsta með óbeinum hætti að breyta heiminum til hins betra. Á öðrum stað í endurminningunum fjallar hann um samstarfið við Otto Neurath, sem vildi nýta heimspekina sem áþreifanlegra baráttutól en félagar hans:

Sérstaklega mikilvæg fyrir mig persónulega var áhersla hans á tengslin milli heimspekiidkunar okkar og hinna miklu sögulegu ferla sem áttu sér stað í heiminum: Heimspeki leiðir til umbóta í vísindalegum hugsunarhætti og þar með til betri skilnings á öllu sem á sér stað í heiminum, bæði í náttúrunni og samfélaginu. Þessi skilningur skilar sér svo í umbótum á mannlegu lífi.²⁵

Neurath má kalla augljósasta dæmið um virkan sósíalista meðal Vínarhringsmanna og í það minnsta var hann sá sem hélt lengst áfram að stunda heimspeki eftir þeirri stefnu. Hann hafði verið virkur í stjórnámum, starfað með sósíaldemókrötum og meðal annars farið fyrir rétt ásamt meðlimum hins byltingarsinnaða flokks München Räterepublik. Hann var alla tíð virkur í stjórnmalastarfi þótt hann hætti með tímanum að skipta sér af flokkspólítík og það kom glöggft fram í verkum hans að hann taldi að hinar pósitoívísku hugsjónir færu saman við hugsjónir sósíalismans. Í fyrirlestri árið 1930 hélt hann því til dæmis fram að hin andfrumpekilega vísindalega heimsmynd myndi stuðla að umbreytingum á félagslegri og efnahagslegri skipan í marxískum anda.²⁶ Sama skoðun kemur fram í skrifum hans frá árinu 1932 þar sem kemur glöggft fram að hann telur að útbreiðsla heimspekilegra efnishyggykenninga sem eru lausar við frumspeki sé mikilvæg fyrir hina marxísku samfélags- og efnahagsskipan.²⁷

Nokkrum árum áður hafði Neurath sett fram hugmyndir sem líkja má við það sem í seinni tíð hefur hlotið heitið sjónarhornskenningar (e. *standpoint theory*) í þekkingarfræði.²⁸ Hann heldur því fram að öreigarnir geti verið hlutlægar en borgarastéttin og að þekking hinna fyrrnefndu geti verið meiri þrátt fyrir minni menntun, því þeir hafi innsýn í reynsluheim sem borgararnir þekki ekki.²⁹

Vegna vaxandi ítaka nasista í Austurríki, sem enduðu svo með því að Þjóðverjar innlimuðu landið árið 1938, brast flótti í lið pósitoívista. Neurath kom sér til Hollands þegar árið 1934 og dvaldi þar í útlegð til 1940. Þá fór hann til Bretlands og þar var hann til dauðadags 1945. Það var á þessum útlegðarárum sem hann

24 Carnap 1963: 82.

25 Carnap 1963: 23–24.

26 Howard 2003: 33; Neurath 1930.

27 Neurath 1932.

28 Sjá t.d. Collins 1990; Harding 1991 og Hartsock 1997.

29 Neurath 1928: 292–297.

gerði misheppnaðar tilraunir til samstarfs við Max Horkheimer, einn af helstu upphafsmönnum hins svokallaða Frankfurtarskóla, þar sem gagnrýnin fræði eiga upptök sín.

Árið 1937 markaði ákveðin tímamót í þessum efnum. Þá birtist hin áhrifamikla grein Horkheimers „Nýjasta árásin á frumspeki“ (*Der neueste Angriff auf die Metaphysik*) í sjötta hefti tímaritsins *Zeitschrift für Sozialforschung* þar sem hann gagnrýndi harðlega hugmyndir pósitívista. Þessi grein Horkheimers átti eftir að hafa mikil og mótandi áhrif á viðtökur við verkum pósitívistanna í ranni vinstri manna og átti stóran þátt í því orðspori sem þeir hlutu, að þeir væru uppfullir af tæknihyggju og verkfærahyggju og ófærir um gagnrýnið sjónarhorn á samfélagið. Í sama tímaritshefti birtist raunar grein eftir Neurath sem var gagnrýni á peningahyggju kapitalismans, enda höfðu Neurath og Horkheimer átt í nokkrum samskiptum frá því á árinu á undan.³⁰

Hinn árásgjarni stíll í grein Horkheimers virtist koma nokkuð flatt upp á Neurath, sem skrifaði Horkheimer eftir að greinin birtist: „Nú hef ég lesið greinina þína. Fyrst brá mér illa við. Svo las ég hana aftur og sá að þú veitir öll þín stuðandi högg böðuð ástríki hvatningu.“³¹ Neurath skrifaði svargrein sem hann vildi fá birta í tímaritinu og sendi Horkheimer (sem ritstjóra) hana nokkrum mánuðum eftir að grein Horkheimers hafði birst. Horkheimer hafnaði birtingu hennar á þeim forsendum að tímaritið væri „ekki ætlað sem vettvangur fyrir öndverðar skoðanir“.³² Eftir þetta slitnaði upp úr öllum samskiptum þeirra á milli og Neurath óskaði fljótlega eftir að fá handritið að grein sinni endursent. Þetta handrit glataðist og Neurath lést nokkrum árum síðar en handrit að greininni fannst loks í skjalasafni í Haarlem í Hollandi árið 1996 og var fyrst farið að búa það til birtingar 2004.³³ Greinin reyndist innihalda ýmis svör við ásökunum Horkheimers og leggur Neurath þar áherslu á að leiðrétta þann skilning sem Horkheimer leggur í mynd pósitívista af vísindum og tilgangi þeirra. Þessi grein Neuraths er þó alls ekki eina vísbendingin um að Horkheimer hafi dregið upp villandi mynd af pósitívisma, enda eru vissulega til ýmis önnur skrif, bæði eftir Neurath og aðra pósitívista, sem byggja hefur mátt á til að draga þá ályktun að fullyrðingar Horkheimers séu ósanngjarnar og byggðar á rangtúlkunum. Þetta hafa ýmsir fræðimenn tekið að benda á síðastliðna áratugi, ekki síst í Þýskalandi og Austurríki, en lengstum hefur sagan verið skoðuð með gleraugum Frankfurtarskólanna og þar með hefur verið gengið að því sem vísu að pósitívistarinn hafi verið andsnúnir öllum siðferðisdómum í heimspeki og viljalaus verkfæri illra pólitískra afla.³⁴

Neurath leit svo á að finna mætti sameiginlegan grundvöll fyrir öll vísindi og

30 O'Neill og Uebel 2004: 75–76.

31 Bréf Neuraths til Horkheimers 21. júní 1937. Horkheimer 1995: 178.

32 Bréf Horkheimers til Neuraths 29. desember 1939. Horkheimer 1995: 344.

33 Barck 2011: 32–33.

34 Rainer Hegselmann (1983) talar t.d. um að skýringar vanti á því hvers vegna Horkheimer hafi þegar á valdatíma nasista farið að stytta sér leið í gagnrýni á pósitívista með ófyrirgefanlegum hætti. O'Neill og Uebel (2004: 89) segja að frásögn Horkheimers af pósitívisma sé best lýst sem skopstælingu á því sem Neurath og aðrir Vínarhringsmenn voru raunverulega að gera. Meira um þessa deilu má lesa í grein O'Neills og Uebels, í Barck 2011 og í Pombo, Symons og Torres 2011.

að þannig ættu vísindamenn úr öllum greinum að geta talað saman og gert sig skiljanlega á sömu forsendum. Þetta var eitt af því sem Horkheimer var fullkomlega andsnúinn, fyrir honum gat enginn gagnkvæmur skilningur ríkt milli vísindagreina og þetta var ein ástæða þess að þegar þeir töluðu um vísindi gerðu þeir það óhjákvæmilega frá mismunandi útgangspunktum. En svo við höldum okkur við hugsun Neuraths þá voru vísindin hliðstæð samfélaginu; framfarir í vísindum hlutu að haldast í hendur við bætt samfélag og aukin vísindaleg þekking fól meðal annars í sér minnkandi kreddur og fordóma og aukna hamingju. Þetta þýddi ekki að hann væri haldinn blindri trú á allt sem ætti sér stað undir merkjum vísinda, heldur leit hann á öll vísindaleg verkefni sem verk í vinnslu og eitthvað sem við þyrftum að nálgast út frá bestu tiltæku aðferðum og upplýsingum hverju sinni, þ.e.a.s. eitthvað sem þyrfti að taka með fyrirvara, rétt eins og öllum hugmyndum um samfélag og stjórnmál.³⁵ Neurath virðist hafa litið svo á að þótt vísindin væru sjálfstæð að því leyti að ekki væri innbyggt í þau gildismat þá væri nauðsynlegt að hafa í vísindastarfinu markmið eða leiðarljós. Fyrir honum var þetta leiðarljós aukinn jöfnuður í samfélaginu í marxískum anda.³⁶

Stebbing og góð hugsun

Þriðja dæmið sem nefnt verður hér um samfélagsgagnrýni í rökgreiningarheimspeki á fyrstu áratugum hennar eru skrif Susan Stebbing (1885–1943). Stebbing hafði mikil áhrif á þróun rökgreiningarheimspeki í Bretlandi og var fyrsta konan til að gegna stöðu prófessors í heimspeki við breskan háskóla. Hún hafði alla tíð mikil tengsl við Cambridge-háskóla og telst til þeirrar hreyfingar sem kennd er við Cambridge-greiningu (e. *Cambridge analysis*) en stundaði þó hvorki nám né kenndi við skólann, enda var þetta á þeim tíma þegar konur höfðu ekki aðgang að honum. Stebbing kenndi aftur á móti við Bedford College í London og fékk prófessorsstöðu þar. Hún var einn af stofnendum tímaritsins *Analysis*, sem var löngum eitt af flaggskipum rökgreiningarheimspeki, og átti stóran þátt í að greiða götu rökfræðilegrar raunhyggju í Bretlandi.³⁷

Þrátt fyrir áhuga hennar á hugmyndum pósitívista í Vín og Berlín og vináttu við suma þeirra, voru hugmyndir Stebbing að ýmsu leyti frábrugðnar hugmyndum þeirra. Þar liggur beint við að nefna hugmyndir um að rökgreining gæti verið tvenns konar; annars vegar gæti hún falist í að þýða eða greina hugtök yfir í önnur á sama stigi, sem var greining af því tagi sem meðal annars var stunduð af Vínarhringsmönnum, og hins vegar gæti hún falist í að smætta hugtökin niður í önnur á öðru stigi, sem fól þá í sér ákveðinn frumspækilegan kjarna. Þessi síðarnefnda gerð var sú sem kölluð var Cambridge-greining og hún varð öllu umdeildari á þessum tímum. Stebbing var jafnframt alla tíð hlynnt ákveðnum frumspækilegum

35 Pombo, Symons og Torres 2011: 3–4.

36 Sjá nánar Okruhlik 2004.

37 Chapman 2013.

hugmyndum og snerist þannig aldrei fyllilega á sveif með þeirri stefnu sem boðuð var í anda rökfræðilegrar raunhyggju.

Stebbing var ötull talsmaður gagnrýninnar hugsunar og þess að beita skyldi rökfræði og skynsemi í daglegu lífi og til að hugsa um málefni líðandi stundar. Þetta kemur fram í bókum hennar *Logic in Practice*³⁸ og *Thinking to Some Purpose*³⁹ þar sem hún talar um mikilvægi þess að hugsa og tjá sig skýrt, eða „að hugsa vel“. Hún leggur víða í verkum sínum áherslu á að andmæla því sem hún telur óskýra eða loðna hugsun, meðal annars á þeim forsendum að hún sé ruglandi fyrir almenning. Í *Thinking to Some Purpose* fjallar hún í löngu máli um áróður og áhrif hans á almenning. Bókin kom út 1939 þegar seinni heimsstyrjöldin var yfirvofandi og Stebbing leit svo á að neyðarástand ríkti, ekki síst vegna þess að stjórnvöld væru hreinlega að ganga af göflunum. Stebbing gagnrýndi þar meðal annars það sem hún kallaði dósahugsun (e. *potted thinking*). Henni lýsti hún sem svo að þar væru flóknar og margþættar hugsanir soðnar niður og einfaldaðar og við fengjum þær svo afhentar og tækjum við þeim án þess að skoða þær nokkurn tímann almennilega.⁴⁰ Í bókinni *Ideals and Illusions*, sem kom út 1941 eftir að stríðið var hafið, var Stebbing svo komin enn lengra út í pólitíska ádeilu.⁴¹

Stebbing varð mjög upptekin af ábyrgð sinni sem heimspekingur á stríðstímum. Auk þess að sinna ýmsu friðar- og hjálparstarfi taldi hún það skyldu sína að nota kunnáttu sína í heimspeki til góðs, það væri ómögulegt að aðskilja heimspekina frá lífsháttunum. Beita skyldi rökfræði og skynsemi í daglegu lífi og til að hugsa um málefni líðandi stundar. Í áðurnefndri bók, *Ideals and Illusions*, gagnrýnir Stebbing til að mynda það hvernig óskýr orðanotkun er notuð til að fegra hlutina og segir að í raun ættum við ekki að nota orð á borð við „stríð“ (e. *war*), heldur tala um „skipulagða tilraun af hálfu ríkisins til að drepa, limlesta, svelta og skelfa meðlimi annars ríkis þar til það gefst upp“.⁴²

Í greininni „Philosophers and Politics“ frá árinu 1939 setti Stebbing fram hugleiðingar um hvernig heimspekingar ættu með hugsun sinni að nálgast stjórnsmál. Þar kemur fram sú afstaða að frjáls, heimspekileg hugsun sé afar mikilvæg í lýðræðissamfélagi, og meðal annars gagnist hún sem eins konar greiningartæki. Hins vegar vildi Stebbing alls ekki líta svo á að heimspekingar ættu sem slíkir að leggja fyrir sig stjórnsmál eða láta stjórnsmálaskoðanir sínar yfirtaka heimspekina.⁴³ Í þessari grein talar Stebbing um þýska nasismann sem dæmi um hugmyndafræði sem henni býður við. Hún setur einnig fram harða ádeilu bæði á fasisma Mussolinis og nasisma Hitlers í 7. kaffa bókarinnar *Ideals and Illusions*.⁴⁴ Það er svolítið kaldhæðnislegt að lesa dóm Johns Laird um bókina frá 1942 þar sem hann segir meðal annars:

38 Stebbing 1934.

39 Stebbing 1939a.

40 Eyja Margrét Brynjarsdóttir 2010.

41 Stebbing 1941.

42 Stebbing 1941: 155–156.

43 Stebbing 1939b. Greinin birtist í íslenskri þýðingu í þessu hefti *Hugar* undir heitinu „Heimspekingar og stjórnsmál“.

44 Stebbing 1941: 125–152.

Ég tel að einlægni fröken Stebbing gangi stundum gegn hlutleysi hennar. Til dæmis sýnast mér myndirnar sem hún dregur upp af nasistunum og andstæðingum þeirra dálítið ýktar. Hinar illu hugsjónir eru svo ógurlega vondar og hinar góðu, þrátt fyrir að vera oft veiklulegar, eru svo óumdeilanlega frábærar. (Ég er ekki að tala um verk nasistanna, en fröken Stebbing, vegna misskilnings að ég held, þótt hið gagnstæða bjóði upp á vandræði, setur hugsjónir og hugmyndir ofar framkvæmdinni.)⁴⁵

Þegar bók Stebbing er lesin má hins vegar glöggst sjá að gagnrýni hennar á fasismann er fyrst og fremst hugmyndafræðileg og að hún leggur mikið upp úr rökstuðningi sínum fyrir henni, eins og við er að búast. Þannig stillir hún fasisma og lýðræði upp sem hugmyndafræðilegu andstæðupari.⁴⁶ Á hinn bóginn koma víða í bókinni fram efasemdir um þau voðaverk sem framin eru í nafni fallelgra hugsjóna, eins og stríð í nafni lýðræðis. Þannig má segja að Laird skilji hlutina þveröfugt við það sem Stebbing er að fara.

Laird virðist þó fljótlega hafa séð eftir dómi sínum, því í greinasafni sem gefið var út til minningar um Stebbing fáeinum árum síðar, skrifar hann aðra grein um *Ideals and Illusions* þar sem hann viðurkennir að hafa verið heldur fljótfær í fyrri dómi sínum um bókina.⁴⁷

Fasismi, þjóðerni og nýir tímar

Þegar tilvikin þrjú sem ég hef fjallað um eru skoðuð, má greina ýmsa sameiginlega þræði. Hjá öllum er áberandi andstaða við fasisma og þjóðernishyggju. Einnig er að finna brennandi áhuga á samfélagsmálum sem og tilraunir til að nota heimspekina til að bæta samfélagið. Hið síðastnefnda er nokkuð sem varð síðar mun minna áberandi í rökgreiningarheimspeki og verður ekki reynt að greina ástæður þess hér, enda væri það stærra verkefni og þær ástæður bæði margvíslegar og umdeilanlegar. Meðal þess sem hefur verið nefnt eru herferðir bandaríska stjórnáráðgjafans Josephs McCarthy gegn vinstrisinnuðum mennta- og listamönnum, sem gætu hafa haft þau áhrif að kveða niður pólitíska róttækni í heimspeki þar í landi á ákveðnu tímabili. Það skýrir vitaskuld ekki þróunina í öðrum löndum. En það sem má teljast óumdeilt er að samfélagsgagnrýni hefur verið lítið áberandi í flestum helstu undirgreinum rökgreiningarheimspekinnar frá því um miðja tuttugustu öld.

Greina má merki um að rökgreiningarheimspekin sé að breytast hvað þetta varðar. Vissulega eru enn fjölmargir heimspekingar sem lítið skeyta um samfélagsgagnrýni í verkum sínum en áhugi á að nota heimspeki til að hafa áhrif á samfélagið virðist fara vaxandi. Í sambengi við notkun rökgreiningarheimspeki í þessum tilgangi er áhugaverðast að skoða þróunina í þeim undirgreinum sem hafa verið álitnar „fjarlægastar“ samfélagsmálunum.

45 Laird 1942: 195.

46 Stebbing 1947: 126.

47 Laird 1948.

Þekkingarfræði í rökgreiningarheimspeki hefur líklega þá mynd í hugum margra að fjalla fyrst og fremst um staðhæfingar á borð við „A veit að P“ og hvaða forsendur liggja þeim að baki, með hætti sem oft hefur þótt þurr eða í það minnsta lítið snúast um mismunandi aðstæður þeirra sem mögulega vita eitthvað eða vita ekki. Fyrir fáeinum áratugum fór að koma fram gagnrýni á iðkun þekkingarfræði úr ranni fémínista sem var á þann veg að ímynd hinnar vitandi veru væri karllæg og sömuleiðis hugmyndirnar um hvað ætti að teljast til þekkingar. Einnig fór að myndast svokölluð sjónarhornspekkingarfræði sem felur í sér að þeir sem tilheyra jaðarsettum hópum, hvort sem það er vegna kyns, kynþáttar, stéttar, fötlunar eða af öðrum ástæðum, hafi vegna reynslu sinnar aðgang að þekkingu sem fulltrúar ráðandi hópa geti ekki mögulega haft og þetta hefur svo áfram haft áhrif á það hvernig þekkingarfræði hefur verið stunduð.⁴⁸ Sjónarhornspekkingarfræði er engan veginn sérstakt afsprengi rökgreiningarheimspeki en hún hefur haft sín áhrif á marga þekkingarfræðinga í þeirri hefð. Einnig hafa komið fram hugtök á borð við *þekkingarlegt óréttlæti* og *þekkingarleg kúgun* þar sem greiningaradferðir í þekkingarfræði í rökgreiningarhefðinni eru beinlínis notaðar jafnframt því að rýnt sé í félagslega stöðu.⁴⁹

Áhugi hefur vaxið mjög ört á áhrifum ómeðvitaðra fordóma og fyrirframgef- inna hugmynda á þekkingarmyndun, sem og á því hvernig það sem við teljum okkur vita dugar oft skammt til að stýra hegðun okkar í samkeppni við áhrif ýmiss konar ómeðvitaðra hvata eða fordóma. Þarna eru bæði hugspeki og þekkingarfræði notaðar til að reyna að finna út hvað við getum gert til að draga úr áhrifum ómeðvitaðra fordóma, til dæmis þegar við gerumst óafvitandi sek um mismunun gagnvart öðrum án þess að vilja það.⁵⁰ Eins hefur áhugi á notkun hugspeki og þekkingarfræði sem greiningartækja til að skoða hvað liggur að baki áróðri farið vaxandi, sem og hvaða áhrif félagslegur ójöfnuður hafi á þá sem fyrir honum verða.⁵¹

Í málspeki hefur farið vaxandi áhugi á félagslegum áhrifum málnotkunar og í auknum mæli verið rýnt í félagslegt samhengi merkingar og blæbrigða, sem og hvernig félagslegar aðstæður bæði málnotenda og það samhengi sem orð eru látin falla í skipta máli. Talsvert hefur verið byggt á eldri kenningum um málgjörðir (e. *speech acts*)⁵² og þær settar í nýrra samhengi, til dæmis í umfjöllun um klám og áhrifum þess á konur.⁵³ Auk þess hafa átt sér stað áhugaverðar rannsóknir á merkingu og merkingarsamhengi niðorða og hvernig orðanotkun getur haft áhrif á hegðun.⁵⁴

Frumspeki hefur á köflum verið eins konar olnbogabarn, jafnt innan rökgreiningarheimspeki sem í meginlandsheimspeki. Skiptar skoðanir hafa verið um

48 Hér má svo minna á samhljóminn við hugmyndirnar sem Neurath viðraði mörgum áratugum fyrr.

49 Fricker 2007.

50 Gendler 2008; 2011; Brownstein & Saul 2016.

51 Stanley 2005; 2015.

52 Austin 1962; Searle 1969.

53 Langton 2009.

54 Maitra og McGowan 2012.

lögmati hennar, eða hvort frumspekilegar staðhæfingar eða frumspekikenningar geti haft einhverja merkingu. Höfnun rökfræðilegra raunhyggjumanna á merklingarbærni frumspekilegra staðhæfinga og hin svokallaða málfræðilega beygja (e. *linguistic turn*), sem átti sér stað sem eins konar þróun í kjölfarið á hugmyndum þeirra nokkru síðar, eru báðar dæmi um frumspekandið í rökgreiningarheimspeki. Hreyfingar sem hafa hafnað frumspeki hafa þó vissulega líka sprottið upp í meginlandsheimspeki. Söguna má svo auðvitað rekja aftur til raunhyggjumanna á nýöld.

Þrátt fyrir þetta hefur frumspeki verið stunduð innan rökgreiningarheimspeki-hefðarinnar áratugum saman. Hefðin hefur þá verið að einblína á hluti sem lítið hafa virst tengjast raunverulegu lífi fólks eða hafa samfélagslegt gildi, eins og það hvort hlutir séu safn eiginleika sinna eða eitthvað annað og meira, eða hver sé grundvöllur orsakarhugtaksins. En frumspekin hefur líka verið notuð í þágu samfélagsgagnrýni. Til dæmis hefur verið rýnt í verufræði kyns, kynþátta og annarra félagslegra flokka, auk þess sem forsendur hinna ýmsu félagslegu fyrirbæra hafa verið skoðaðar.⁵⁵ Nýlega hefur komið fram gagnrýni á það að litíð sé á óhlutbundnar einingar í veruleikanum sem það sem liggja öllu öðru til grundvallar og jafnframt að slíkar grundvallareiningar eigi að vera mikilvægari og merkilegri í frumspekilegum skilningi en það sem er augljóslega samsett af öðru, eins og kyn eða kynþáttur.⁵⁶

Enn má nefna hræringar í vísindaheimspeki. Saga hennar er um margt áhuga-verð og flókin í þessum efnum og mikið verk væri að gera henni skil svo vel færi á. Eins og geta má sér til um af því sem fram hefur komið hér að framan um pósitívistana á vísindaheimspeki tuttugustu aldar sér þó nokkrar pólitískar rætur, þ.e.a.s. margir af hennar helstu hvatamönnum voru knúnir áfram af hugmyndum um samfélagsumbætur þar sem vísindin gegndu stóru hlutverki. Margt bendir þannig til að þó nokkuð hafi verið um samfélagsgagnrýni og annað slíkt í vísindaheimspeki rökgreiningarheimspekings fyrstu áratuginna. Í greininni „Two Left Turns Make a Right: On the Curious Political Career of North American Philosophy of Science at Midcentury“⁵⁷ gerir Don Howard úttekt á þeim breytingum sem hann segir hafa orðið á vísindaheimspeki í Bandaríkjunum um miðja tuttugustu öld. Meðal annars segir hann fjölda greina í vísindaheimspekítímaritum þar sem vísindaheimspeki er tengd við siðferðisgildi hafa hrunið mjög skyndilega upp úr miðjum sjötta áratugnum.

Hvað nýlega þróun í vísindaheimspeki varðar má til dæmis benda á femíníska vísindaheimspeki sem hefur þróast með blómlegum hætti undanfarna áratugi, bæði í tengslum við þekkingarfræði og sem gagnrýni á ýmsar hliðar vísindasamfélagsins, framkvæmd vísinda og túlkun vísindalegra kenninga og niðurstaðna.⁵⁸ Eins hefur verið mikil gróska í gagnrýninni umfjöllun um kynþáttahugtakið í

55 Haslanger 2012; Mills 1997; Appiah 1985; 1996.

56 Barnes 2014.

57 Howard 2003.

58 Sjá t.d. Keller 1985; Harding 1986; Longino 1990; Hubbard 1995; Lloyd 2005.

seinni tíð, ekki aðeins á frumspækilegum nótum eins og minnst hefur verið á, heldur á forsendum vísindaheimspeki.⁵⁹

Að lokum

Ég nefndi í upphafi þröngar hugmyndir í rökgreiningarhefðinni um hvað ætti að flokkast sem heimspeki. Á síðustu árum hefur einmitt færst í vöxt að þessar hugmyndir séu gagnrýndar, jafnframt því sem hinn umræddi virðingarstigi hefur legið undir ámæli.⁶⁰ Eins hafa komið fram vaxandi efasemdir um hina miklu sérhæfingu sem einkennt hefur heimspekina og borið hefur á auknum kröfum um samvinnu milli sviða. Slík samvinna getur reynst gjöfuleg eins og sjá má af ýmsum dæmum sem ég hef nefnt þar sem notast er við hugmyndir úr þekkingarfræði, málspeki eða frumspæki til að þróa áfram hugmyndir í siðfræði eða stjórnálaheimspeki. Út úr slíkri vinnu getur einmitt komið mjög beitt samfélagsgagnrýni sem er þá fengin með aðferðum sem eru einkennandi fyrir rökgreiningarheimspeki og ekki verður annað sagt en að þær aðferðir gagnist þar vel. Eins og sjá má af sögu Russells, pósitivistanna og Stebbing, sem voru öll frumkvöðlar og höfðu mótandi áhrif á þróun rökgreiningarheimspeki, er jafnframt full ástæða til að ætla að í þeirri hugsun sem lögð var til grundvallar þegar rökgreiningarheimspeki var í mótun hafi verið gert ráð fyrir að hún væri meðal annars notuð sem gagnrýnistól á samfélagið.

Á síðari árum hafa rökgreiningarheimspekingar í vaxandi mæli velt fyrir sér ýmsum hliðum félagslegs jafnréttis með aðferðum eigin fags. Ef litið er yfir sögu undanfarinna áratuga verður þó ekki annað sagt en að þar hafi femínískir heimspekingar verið í fararbroddi ásamt þeim sem stunda gagnrýni á kynþáttahyggju og rutt brautina fyrir þann vöxt sem síðar hefur orðið. Aukin samfélagsgagnrýni innan rökgreiningarheimspeki ætti að vera fagnaðarefni nú á tímum pólitískra umbrota þar sem þjóðernishyggja og jafnvel fasískar hugmyndir breiðast út meðal almennings og þjóðarleiðtoga víða um lönd og mikilvægt er fyrir fræðimenn á öllum sviðum að halda vöku sinni. Reyndar vakna spurningar um hvort aukinn áhugi heimspekinga á að beita sér fyrir samfélagsumbótum sé tilkominn af vaxandi áhyggjum af þessari þróun.

Heimildir:

- Andreasen, Robin. 2005. The Meaning of 'Race': Folk Conceptions and the New Biology of Race. *The Journal of Philosophy* 102(2), 94–106.
- Appiah, Kwame Anthony. 1985. The Uncompleted Argument: DuBois and the Illusion of Race. *Critical Inquiry* 12(1), 21–37.
- Appiah, Kwame Anthony. 1996. Race, Culture, Identity: Misunderstood Connections.

59 Sjá t.d. Zack 2002; Andreasen 2005. Um þessa sögu vísindaheimspekinna og nýlegar þreifingar í átt að aukinni samfélagsgagnrýni í vísindaheimspeki, sjá einnig Fehr og Plaisance 2010 og Cartieri og Potochnik 2014.

60 Dotsen 2012; Jenkins 2014.

- Color Conscious* (bls. 30–105). Ritstj. Anthony Appiah og Amy Gutmann. Princeton: Princeton University Press.
- Austin, J.L. 1962. *How To Do Things With Words*. Cambridge (Mass.): Harvard University Press.
- Barck, Karlheinz. 2011. The Neurath–Horkeimer–Controversy Reconsidered: Otto Neurath’s Erwiderung to Max Horkheimer’s Attack Against the Vienna Circle. *Otto Neurath and the Unity of Science* (bls. 31–40). Ritstj. John Symons, Olga Pombo og Juan Manuel Torres. Dordrecht: Springer.
- Barnes, Elizabeth. 2014. Going Beyond the Fundamental: Feminism in Contemporary Metaphysics. *Proceedings of the Aristotelian Society* 114(3), 335–351.
- Brownstein, Michael og Jennifer Saul. 2016. *Implicit Bias and Philosophy*, Vol. 1: Metaphysics and Epistemology. Oxford: Oxford University Press.
- Carnap, Rudolf, Hans Hahn og Otto Neurath. 1929/1973. The Scientific Conception of the World: The Vienna Circle. *Empiricism and Sociology* (bls. 298–318). Ritstj. Marie Neurath og Robert S. Cohen. Dordrecht: Reidel. Upphaflega birt sem *Wissenschaftliche Weltauffassung: Der Wiener Kreis*.
- Cartieri, Francis og Potochnik, Angela. 2014. Toward Philosophy of Science’s Social Engagement. *Erkenntnis* 79: 901–916.
- Cartwright, Nancy, Jordi Cat, Lola Fleck og Thomas Uebel. 1996. *Otto Neurath: Philosophy between Science and Politics*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Chapman, Siobhan. 2013. *Susan Stebbing and the Language of Common Sense*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Collins, Patricia Hill. 1990. *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness and the Politics of Empowerment*. New York/London: Routledge.
- Dekker, Erwin. 2014. The Vienna circles: cultivating economic knowledge outside academia. *Erasmus Journal for Philosophy and Economics* 7(2): 30–53.
- Dotson, Kristie. 2012. How is This Paper Philosophy? *Comparative Philosophy* 3(1), 3–29.
- Eyja Margrét Brynjarsdóttir. 2010. Hugsanir á dósum: Um hjarðhugsun og andlega leti. *Heimspækivefurinn* 29. október 2010.
- Fehr, Carla og Plaisance, Kathryn. 2010. Socially relevant philosophy of science: an introduction. *Synthese* 177(3): 301–316.
- Fricker, Miranda. 2007. *Epistemic Injustice: Power and the Ethics of Knowing*. Oxford: Oxford University Press.
- Galison, Peter. 1990. Aufbau/Bauhaus: Logical Positivism and Architectural Modernism. *Critical Inquiry* 4(16), 709–752.
- Gendler, Tamar Szabó. 2008. Alief and Belief. *Journal of Philosophy* 105(10): 634–63.
- Gendler, Tamar Szabó. 2011. On the Epistemic Costs of Implicit Bias. *Philosophical Studies* 156(1): 33–63.
- Harding, Sandra. 1986. *The Science Question in Feminism*. Ithaca: Cornell University Press.
- Harding, Sandra. 1991. *Whose Science/ Whose Knowledge?* Milton Keynes: Open University Press.
- Hartsock, Nancy. 1997. The Feminist Standpoint: Developing the Ground for a Specifically Feminist Historical Materialism. *The Second Wave: a Reader in Feminist Theory* (bls. 216–240). Ritstj. Linda Nicholson. New York: Routledge.
- Haslanger, Sally. 2012. *Resisting Reality: Social Construction and Social Critique*. New York: Oxford University Press.
- Howard, Don. 2003. Two Left Turns Make a Right: On the Curious Political Career of North American Philosophy of Science at Midcentury. *Logical Empiricism in*

- North America* (bls. 25–93). Ritstj. Gary L. Hardcastle og Alan Richardson. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Horkheimer, Max. 1937. Der neueste Angriff auf die Metaphysik. *Zeitschrift für Sozialforschung* 6: 4–53. Ensk þýðing: The Latest Attack on Metaphysics, í Horkheimer 1972, 132–187.
- Horkheimer, Max. 1972. *Critical Theory. Selected Essays*. New York: Seabury Press.
- Horkheimer, Max. 1995. *Gesammelte Schriften, Band 15, Briefwechsel 1937–1940*. Ritstj. G. Schmid Noerr. Frankfurt a. M.: Suhrkamp.
- Howard, Don. 2003. Two Left Turns Make a Right: On the Curious Political Career of North American Philosophy of Science at Midcentury. *Logical Empiricism in North America, Minnesota Studies in the Philosophy of Science, XVIII. bindi* (bls. 25–93). Ritstj. Alan Richardson og Gary Hardcastle. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Hubbard, Ruth. 1995. *Profitable Promises: Essays on Women, Science, and Health*. Monroe: Common Courage Press.
- Jenkins, Katharine. 2014. That's not philosophy: feminism, academia and the double bind. *Journal of Gender Studies* 23(3): 262–274.
- Keller, Evelyn Fox. 1985. *Reflections on Gender and Science*. New Haven: Yale University Press.
- Laird, John. 1942. Ideals and Illusions. *Mind* 51: 194–197.
- Laird, John. 1948. Reflections Occasioned by Ideals and Illusions. *Philosophical Studies: Essays in Memory of L. Susan Stebbing* (bls. 20–30). London: Allen and Unwin.
- Langton, Rae. 2009. *Sexual Solipsism: Philosophical Essays on Pornography and Objectification*. Oxford: Oxford University Press.
- Lloyd, Elisabeth. 2005. *The Case of the Female Orgasm: Bias in the Science of Evolution*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Longino, Helen. 1990. *Science as Social Knowledge*. Princeton: Princeton University Press.
- Maitra, Ishani og Mary Kate McGowan. 2012. *Speech and Harm: Controversies over Free Speech*. Oxford: Oxford University Press.
- Mills, Charles. 1997. *The Racial Contract*. Ithaca: Cornell University Press.
- Neurath, Otto. 1928. *Lebensgestaltung und Klassenkampf*. Berlin: E. Laub.
- Neurath, Otto. 1930. Einheitswissenschaft und Marxismus. *Erkenntnis* 1.
- Neurath, Otto. 1932. Soziologie im Physikalismus. *Erkenntnis* 2.
- Okruhlik, Kathleen. 2004. Logical Empiricism, Feminism, and Neurath's Auxiliary Motive. *Hypatia* 19(1): 48–72.
- Pombo, Olga, John Symons og Juan Manuel Torres. 2011. Neurath and the Unity of Science: An Introduction. *Otto Neurath and the Unity of Science* (bls. 1–11). Ritstj. John Symons, Olga Pombo og Juan Manuel Torres. Dordrecht: Springer.
- Romizi, Donata. 2012. The Vienna Circle's "Scientific World-Conception": Philosophy of Science in the Political Arena. *HOPOS: The Journal of the International Society for the History of Philosophy of Science* 2: 205–242.
- Russell, Bertrand. 1903. *The Principles of Mathematics*. Cambridge: At the University Press.
- Russell, Bertrand. 1905. On Denoting. *Mind* 14: 479–493.
- Russell, Bertrand. 1911. Knowledge by Acquaintance and Knowledge by Description. *Proceedings of the Aristotelian Society* 11: 108–128.
- Russell, Bertrand. 1914a. *Our Knowledge of the External World*. Chicago/London: The Open Court Publishing Company.
- Russell, Bertrand. 1914b. The Relation of Sense-Data to Physics. *Scientia* 16: 1–27.

- Russell, Bertrand og Russell, Dora. 1923. *The Prospects of Industrial Civilization*. New York, 1923.
- Russell, Bertrand. 1924. Logical Atomism. *Contemporary British Philosophers* (bls. 356–383). Ritsstj. J.H. Muirhead. London: Allen and Unwin.
- Russell, Bertrand. 1926. *Education and the Good Life*. New York: Boni & Liverwright, 1926.
- Russell, Bertrand. 1930. *The Conquest of Happiness*. London: Horace Liveright, Inc.
- Russell, Bertrand. 1935. *In Praise of Idleness and Other Essays*. London: Allen and Unwin.
- Russell, Bertrand. 1949. *The Philosophy of Logical Atomism*. Minneapolis: Department of Philosophy, University of Minnesota.
- Searle, John. 1969. *Speech Acts*. Cambridge University Press.
- Siegetsleitner, Anne. Óútg. Susan Stebbing and the Vienna Circle on Moral Philosophy. Fyrirlestur á *SWIP UK Panel at the Joint Session of the Mind Association and Aristotelian Society*, University of Warwick, 11. júlí 2015. http://www.gmoser.net/philosophy/wp-content/uploads/2015/09/Siegetsleitner_Susan-Stebbing-and-the-Vienna-Circle-on-Moral-Philosophy1.pdf, sótt 15. september 2016.
- Stanley, Jason. 2005. *Knowledge and Practical Interests*. Oxford: Clarendon Press.
- Stanley, Jason. 2015. *How Propaganda Works*. Princeton University Press.
- Stebbing, L. Susan. 1934. *Logic in Practice*. London: Methuen.
- Stebbing, L. Susan. 1937. *Philosophy and the Physicists*. London: Dover.
- Stebbing, L. Susan. 1939a. *Thinking to Some Purpose*. Harmondsworth: Penguin.
- Stebbing, L. Susan. 1939b. Philosophers and politics. *Scrutiny* 8: 156–163.
- Stebbing, L. Susan. 1941. *Ideals and Illusions*. London: Watts & Co.
- Symons, John, Olga Pombo, and Juan Manuel Torres. 2011. *Otto Neurath and the Unity of Science*. Dordrecht: Springer.
- Uebel, Thomas Uebel. 2010. What's Right about Carnap, Neurath and the Left Vienna Circle Thesis: A Refutation. *Studies in History and Philosophy of Science* 41: 214–221.
- Zack, Naomi. 2002. *Philosophy of Science and Race*. New York: Routledge.

Abstract

Analytic Philosophy as a Critical Tool: Philosophy as a Response to Fascism and other Dehumanizing Ills

Analytic philosophy has for a long time had the image of not being a field where social criticism is practiced. Instead, it gives the impression of putting all the emphasis on abstract concepts that have little or no application to current affairs. In this paper, it is acknowledged that this image is at least to a certain extent justified. However, it is argued that there is nothing about analytic philosophy in itself or its methods that prevents those practicing it from using it for social criticism.

Examples are given of historical figures in analytic philosophy who played an important role in the formation of the tradition in its first decades and at the same time practiced social criticism: Bertrand Russell, members of the Vienna Circle, and Susan Stebbing. The claim is made that their methods for social criticism

were fully compatible with their vision for analytic philosophy. Finally, an account is given of recent developments in the field where analytic philosophers have in increasing numbers been using the tools of the trade for social criticism.